Skilmálar fyrir hitaveitu

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

Verðskrá fyrir afnot af heita vatninu skiptist í tvær grunneiningar (1) fastgjald og (2) rúmmetragjald eða kílóvattstundagjald (aðeins í Reykjaveitu).

Norðurorka áskilur sér rétt til að ákveða lágmarksstærð mælis fyrir hverja húsveitu. Fastgjald ákvarðast af stærð vatnsmælis eins og nánar kemur fram í verðskrá.

Virðisaukaskattur hitaveitu er 11% frá og með 1. janúar 2015 (var áður 7%). Frá og með 1. janúar 2011 féll niður endurgreiðsla á hluta virðisaukaskatts í kjölfar breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Skatturinn var 2,66% fór þá í 7,0%.*

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir, húsveita eða annar búnaður bila þannig að mæling bregst, áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleyping eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar við húsveitu hefst innheimta samkvæmt verðskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús/frístundahús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvarar 300 m³ af heitu vatni eða 12.800 kWst. þar sem kWst. mæling er grundvöllur orkumælingar.

Stilling á hemli gildir í eitt ár frá áramótum til áramóta. Breytingu á vatnsrennsli til aukningar er hægt að gera hvenær sem er en til minnkunar einu sinni á ári, um áramót. Húseigandi getur farið fram á að settur sé mælir í staðinn fyrir hemil en er þá bundinn við mæli upp frá því.

**Ástæður endurgreiðslunar voru þær að aðstæður við að koma upp hitaveitum vítt og breytt um landið hafa verið mjög misjafnar og kostnaður þá sömuleiðis. Með endurgreiðslunni var verið að jafna skattgreiðslum þannig að þeir sem bjuggu við dýrar veitur væru ekki að bera hlutfallslega hærri skatta vegna þess. Fjármálaráðuneytið taldi að verðumunur milli veitna væri orðinn svo óverulegur að ekki væru lengur forsendur fyrir endurgreiðslunni. Þessu var mótmælt af hálfu Norðurorku vegna Reyjaveitu en hún var kostnaðarsöm í byggingu og verðskrá þar því töluvert hærri en í öðrum hitaveitum Norðurorku.*